

Tollstjóri
Tryggvagötu 19
101 Reykjavík


Reykjavík, 6. nóvember 2014

Efni: Túlkun á fríverzlunarsamningi Íslands og Kína

Til Félags atvinnurekenda hafa leitað fyrirtæki sem stunda innflutning á vörum frá Kína til Íslands á grundvelli fríverzlunarsamnings ríkjanna. Ýmis vandamál hafa komið upp í tengslum við umræddan innflutning og þá sérstaklega í þeim tilvikum þegar vörum, sem framleiddar eru í Kína, er umskipað í öðru ríki, t.d. Hollandi eða öðru Evrópuríki, áður en varan kemur hingað til lands. Í slíkum tilvikum hafa vörurnar oft og tíðum borið toll þegar þær eru tollafgreiddar hérlendis, þrátt fyrir að þær séu sannanlega upprunnar frá Kína. Greint er frá sambærilegu dæmi í Morgunblaðinu í dag.

Af þeim athugasemdum sem borizt hafa FA er ljóst að óvissa ríkir um túlkun á fríverzlunarsamningi Íslands og Kína að þessu leyti. Slík óvissa er með öllu óviðunandi og dregur úr skilvirkni samningsins. Af þeim sökum óskar FA eftir því að tollstjóri skýri afstöðu sína að þessu leyti, og þá sérstaklega m.t.t. 33. gr. samningsins.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA